

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2011.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu (virðisaukaskattur, tekjuskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda) 139. löggjafarþing, þskj. 1220 – 701. Mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið haft framangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er meðal annars mælt fyrir um breytingar á 3. gr. laga um tekjuskatt, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Laganefnd telur umrætt ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Gert er ráð fyrir því í a-lið 2. gr. frumvarpsins að um skattalegt uppgjör rekstrartekna aðila sem skattskyldir eru skv. tilgreindri grein laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu skuli fara samkvæmt reglum sem gilda um fastar starfsstöðvar. Ekki er efni til þess að gera athugasemd við hugmyndina en rétt er að vekja athygli á því að í lögum um tekjuskatt er verulegur skortur á ákvæðum sem kveða á um skattalega meðferð tekna fastra starfsstöðva. Ekkert kemur fram í lögnum sem skýrir hvaða tekjur hins erlenda aðila teljist falla til fastrar starfsstöðvar viðkomandi né heldur hvaða frádráttarbæri kostnaður teljist falla til starfsstöðvarinnar. Því verður í grundvallaratriðum óvissa um raunverulega skattskyldu vegna starfrækslu fastra starfsstöðva sem jafnframt á við í þessu tilfelli þar sem vísað er til reglna sem gilda um þær.

Jafnframt er rétt að benda á misskilning sem fram kemur í greinargerð um skattlagningu fastra starfsstöðva, þar er því haldið fram að með reglum sem gilda um fastar starfsstöðvar sé m.a. átt við svokallaða útibúsreglu en að í henni felist að tekjur sem verða til hér á landi sæti hér skattlagningu og sé það í samræmi við reglur sem settar eru fram í tvísköttunarmódeli OECD um fasta starfsstöð. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í nefndu tvísköttunarmódeli er sett fram dæmi um lágmarksskilyrði sem þurfa að vera uppfyllt áður en að því kemur að ríki sem gert hafa tvísköttunarsamninga sín í milli geta skattlagt erlendan aðila á grundvelli fastrar starfsstöðvar. Þá eru viðkomandi samningsákvæði mismunandi milli einstakra samninga, t.d. þeirra sem Ísland hefur gert við önnur ríki auk þess sem þau eru mismunandi eftir því hvaða samningsfyrirmynd OECD er átt við, þ.e. frá hvaða ári. Því er ófullnægjandi ef greinargerðarhöfundar telja sig vera að vísa til samningsfyrirmyndar OECD varðandi innihald þess ákvæðis sem fram kemur í a-lið 2. gr. frumvarpsins.

Þetta veldur óvissu varðandi merkingu nefnds frumvarpsákvæðis og full ástæða til þess að skýra betur hvað í henni á að felast.

Þá er gert ráð fyrir því í b-lið 2. gr. að orðin eða hugtakið „hér á landi“ séu skýrt. Bent er á að skýringin veki fjölmargar spurningar þar sem hún er alveg opin, þ.e. hún vísar til svæða sem Ísland hefur rétt til skattlagningar lögum samkvæmt eða samkvæmt samningum við erlent ríki. Ekki virðist víst að hugtakið verði neitt skýrara en áður með svo opinni skýringu.

Þá er í frumvarpinu er meðal annars mælt fyrir um breytingar á 2. mgr. 29. gr. laga um tekjuskatt, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Laganefnd telur umrætt ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Um er að ræða almenna og, samkvæmt orðanna hljóðan, umfangsmikla breytingu á möguleikum rekstraraðila til þess að draga rekstrarkostnað frá tekjum. Ekki finnst stoð í lögum um tekjuskatt fyrir svo almennum ummælum eins og þeim sem fram koma í greinargerð, vera má að framkvæmd á verktakamarkaði hafi verið með einhverjum hætti en þessi mikla breyting sem lögð er til í frumvarpinu getur náð til fjölda aðila utan þeirra sem stunda kolefnisvinnslu. Miðað við orðanna hljóðan getur nýtt ákvæði t.d. takmarkað frádráttarbærni kostnaðar hjá ýmsum rekstraraðilum sem eru í þróunarvinnu ásamt reglulegri starfsemi, þar mætti nefna framleiðendur iðnaði, hugbúnaðargerð o.fl. útflytjendur sem og fjölmarga aðra. Svo umfangsmikil breyting á frádráttarbærni kostnaðar er ekki í samræmi við tilgang breytinga eins og þær koma fram í greinargerð né heldur er hún bundin við kolvetnisvinnslu.

Svona breyting er til þess fallin að valda verulegri óvissu um frádráttarbærni kostnaðar ýmiss rekstrar. Þá er athyglisvert að í 10. gr. frumvarps um skattlagningu á kolvetnisvinnslu sem liggur fyrir Alþingi er sérákvæði um frádráttarbærni kostnaðar í tengslum við kolvetnisvinnslu, það vísar eingöngu til 31. og 32. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en ekki til 29. gr. laganna sem frumvarp það sem hér er til umfjöllunar breytir. Því virðist sem svo að þessi breyting á 2. mgr. 29. gr. laga um tekjuskatt hafi engin áhrif á frádráttarheimildir í tengslum við kolvetnisvinnslu. Lagt er til að breytingin verði afnumin og eftir atvikum tekin upp í frumvarp til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

Með vísan til framangreinds leggur laganefnd til að tilgreindum greinum frumvarpsins verði breytt eða þær fjarlægðar til að draga úr óvissu um afleiðingar þeirra og að frumvarpið verði ekki samþykkt eins og það er lagt fyrir.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir, hrl.